Reykjavík

Félagmiðstöðin Hofið

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 6
Helstu dagsetningar 6
- Ágúst 6
- September 6
- Október 6
- Nóvember 6
- Desember 6
- Janúar 6
- Febrúar 6
- Mars 7
- Apríl 7
- Maí 7
- Júní 7
- Júlí 7

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat félagsmiðstöðvarinnar Hofsins auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

- Skipulega er unnið með lýðræði í starfi með börnum og unglingum og þau hvött til að koma með eigin hugmyndir að dagskrá. Þau fá tækifæri og stuðning til að hrinda eigin hugmyndum í framkvæmd.
- Markvisst er leitað eftir skoðunum þeirra sem eiga erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri, s.s. vegna fötlunar, tungumáls, félagslegrar aðstöðu eða veikinda.
- Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennis af hlýju, öryggi og virðingu.
- Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn, unglinga og aðra hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar.
- Við ráðningu nýrra starfsmanna er hugað að fjölbreytileika í starfsmannahópnum.
- Starfið og dagskráin er kynnt börnum, unglingum, foreldrum og starfsfólki (s.s. með tölvupósti, á samfélagsmiðlum og/eða kynningarfundum)

- **Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)**

- Reglulega eru haldnir viðburðir (s.s. ferðir, sýningar, keppnir, böll, þemakvöld og heimsóknir)
- Félagsmiðstöðin veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna, hvetur til símenntunnar og skapar aðstæður til starfsþróunar.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar: Fræðsla	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Félagsmiðstöðin veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
Tækifæri til umbóta.	Tækifæri er til að auka framboð á fræðslu sem nýtist starfsfólki beint í daglegu starfi með börnum og unglingum.
Aðgerðir til umbóta.	Bjóða upp á að minnsta kosti eina fræðslu á starfsárinu sem tengist beint daglegu starfi með börnum og unglingum. Fræðslan skal taka mið af þörfum starfsfólks og þeim verkefnum og áskorunum sem upp koma í starfinu.
Ábyrgð	Stjórnendur.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Í lok starfsárs verður farið yfir hvort að minnsta kosti ein fræðsla sem tengist beint daglegu starfi með börnum og unglingum hafi verið haldin. Á starfsmannafundi verður rætt hvernig fræðslan nýttist í starfinu og hvort hún hafi aukið þekkingu og færni starfsfólks.
Viðmið um árangur.	• Að minnsta kosti ein fræðsla sem tengist beint daglegu starfi með börnum og unglingum hafi verið haldin á starfsárinu. • Starfsfólk hafi fengið tækifæri til að ræða gagnsemi fræðslunnar og hvernig hægt sé að nýta þekkinguna í starfinu. • Niðurstöður umræðunnar verði nýttar til að skipuleggja fræðslu og starfsþróun á næsta starfsári.

Heiti aðgerðar: Reglulegir viðburðir	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Reglulega eru haldnir viðburðir (s.s. ferðir, sýningar, keppnir, böll, þemakvöld og heimsóknir).
Tækifæri til umbóta.	Tækifæri er til að efla fjölbreytni í félagsmiðstöðinni með því að bjóða reglulega upp á sérstaka viðburði sem höfða til ólíkra áhugasviða barna og unglinga.
Aðgerðir til umbóta.	Markmiðið er að halda að minnsta kosti tvo sérstaka viðburði á starfsárinu, svo sem ball eða aðra kvöldskemmtun. Viðburðirnir verða skipulagðir með hliðsjón af áhuga og þörfum barna og unglinga og leitast verður við að skapa aðstæður sem hvetja til þátttöku þeirra.
Ábyrgð	Stjórnendur félagsmiðstöðvarinnar bera ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd viðburðanna í samstarfi við starfsfólk.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Viðburðir verða skráðir jafnóðum yfir starfsárið. Í lok starfsárs verður farið yfir fjölda viðburða og þátttöku barna og unglinga. Einnig verður rætt á starfsmannafundi hvernig til tókst, hvernig þátttakan var og hvort viðburðirnir hafi mætt áhuga og þörfum þátttakenda.
Viðmið um árangur.	• Að minnsta kosti tveir sérstakir viðburðir hafi verið haldnir á tímabilinu október 2026 til júní 2027. • Þátttaka barna og unglinga í viðburðunum hafi verið skráð. • Niðurstöður matsins verði nýttar til að þróa og skipuleggja viðburði næsta starfsárs.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Félagsmiðstöðin er ekki með sérstakt þróunarverkefni á þessu starfsári en leitast við að hafa Menntastefnu Reykjavíkur til 2030 að leiðarljósi í daglegu starfi. Áhersla er lögð á að börn og unglingar séu virkir þátttakendur í starfinu, fái tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafi áhrif á starfsemi félagsmiðstöðvarinnar.

Til að efla lýðræðislega þátttöku ætlum við að útbúa hugmyndakassa í samstarfi við börnin og unglingana. Mikilvægt er að kynna kassann vel og tryggja að allir viti af honum og geti nýtt sér hann til að koma hugmyndum og óskum á framfæri. Við leggjum einnig áherslu á að grípa hugmyndir sem koma frá börnunum og unglingunum og vinna að því að hrinda þeim í framkvæmd þegar kostur er.

Jafnframt leggjum við áherslu á einstaklingsmiðað starf þar sem tekið er mið af þörfum, áhuga og styrkleikum hvers og eins. Með því viljum við skapa umhverfi þar sem börn og unglingar upplifa að á þau sé hlustað, að hugmyndir þeirra skipti máli og að þau geti haft raunveruleg áhrif á starf félagsmiðstöðvarinnar.

Með þessum áherslum vinnum við að markmiðum Menntastefnu Reykjavíkur, meðal annars um lýðræðislega þátttöku, sjálfseflingu og félagsfærni. Markmiðið er að börn og unglingar upplifi sig sem mikilvæga þátttakendur í starfinu og hafi tækifæri til að efla sjálfstraust sitt, frumkvæði og ábyrgð.

Helstu dagsetningar

Ágúst
20. Síðasti dagur í sumarstarfi
21. Starfsdagur
24. Starfsdagur á skólasetingadegi
25.Fyrsti dagur í vetrafrístund

September
9. 12 Haustföndur

Október
20. Félagmsiðtöðvadagurinn, Foreldrum boðið í heimsókn.
22. – 26. Haustfrí. Lokað. Starfsdagar.
27. – 30. Október Hrekkjavökuþema

Nóvember
9. Hrós-korta gerð í tilefni af degi gegn einelti.

Desember
21. 22. 23. 28. 29. Og 30. Lengd viðvera í kringum jól

Janúar
4. Starfsdagur. Lokað

Febrúar
8. -12. Vika 6
10. Öskudgasfjör
22. og 23. Vetrafrí. Lokað. Starfsdagar

Mars
22. – 24. Lengd viðvera í kringum páska

Apríl
27. Menntastefnumót

Maí
19. Foreldrakaffi

Júní
9. síðasti dagur í vetrastarfi
10. Starfsdagur á Skólaslitsdegi
11. Starfsdagur
14. Fyrsti dagur í sumarstarfi

Júlí
12. júlí – 6. ágúst Sumar lokun.